

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum:

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Innanríkisráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Lögsagnarumdæmi, dómaskipan, dómstóla, aðra en Félagsdóm, réttarfar og málflutningsmenn.
2. Meðferð ákærvalds, er það ber undir innanríkisráðherra að lögum, og eftirlit með framkvæmd ákærvalds annars.
3. Fullnustu refsingar, fangelsi og fangavist, reynslulausn refsifanga, samfélagsþjónustu, náðun, sakaruppgjöf, uppreist æru og framsal sakamanna.
4. Lögreglu og löggæslu.
5. Skipulag samgangna og flutninga á landi, í lofti og á sjó.
6. Vegi, vegagerð, umferð og eftirlit með ökutækjum.
7. Flug og flugvelli.
8. Siglingar.
9. Vita, hafnir og sjóvarnir.
10. Öryggi í samgöngum og slysarannsóknir þeim tengdar.
11. Fjarskipti.
12. Póstþjónustu.
13. Sveitarstjórnarmál, þar á meðal stjórnsýslu og verkefni sveitarfélaga, tekjustofna og fjármál þeirra og mörk sveitarfélaga.
14. Gæslu landhelgi og fiskimiða, sjómælingar og sjókortagerð.
15. Eftirlit með innflutningi, framleiðslu, sölu og meðferð skotvopna, skotfæra og sprengja.
16. Framkvæmd áfengislöggjafar, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
17. Skipströnd og vogrek.
18. Útlendinga, að frátöldum atvinnuréttindum.
19. Vegabréf, önnur en diplómatsk vegabréf.
20. Sifjarétt, erfðarétt, persónurétt og yfirfjárráð.
21. Eignarétt og afnotarétt fasteigna og framkvæmd eignarnáms, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
22. Ríkisborgararétt.
23. Mannréttindi.
24. Kjör forseta Íslands, kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, þjóðaratkvæði og aðrar almannakosningar, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
25. Birtingu laga og stjórnvaldserinda, útgáfu Stjórnartíðinda, Lagasafns og Lögbirtinga-
blaðs.
26. Staðfestingu á skipulagsskrám sjóða og stofnana.
27. Happdrætti, veðmálastarfsemi, hlutaveltur, getraunir og almennar fjársafnanir.

28. Niðurjöfnunarmenn sjótjóns, dómtúlka og skjalabýðendur.
29. Almannaþingin, björgunarmál, samræmda neyðarsímsvörun og öryggisþjónustu í atvinnuskyni.
30. Kirkjumál og safnaða, þar á meðal embætti biskups og skipan prestakalla.
31. Grafreiti og útfararstofnanir, þar á meðal bálstofur.
32. Skaðabætur utan samninga.
33. Fasteignaskráningu og fasteignamat.
34. Neytendavernd, þar á meðal alferðir.
35. Vog, mál og faggildingu. Vöruöryggi.
36. Þjóðskrá, lögheimilismál og almannaskráningu.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Velferðarráðuneyti fer með mál, er varða:

- A. Velferðar- og fjölskyldumál, þar á meðal:
 1. Félagsþjónustu sveitarfélaga.
 2. Málefni fatlaðs fólks.
 3. Barnavernd.
 4. Málefni aldraðra.
 5. Málefni innflytjenda.
 6. Lífeyris-, sjúkra- og slysatryggingar almannatrygginga og félagslega aðstoð.
 7. Skuldamál heimilanna.
 8. Sjúklingatryggingu.
 9. Málefni langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna.
- B. Heilbrigðisþjónustu, þar á meðal:
 1. Lýðheilsu og forvarnir, þ.m.t. geislavarnir.
 2. Heilsugæslu.
 3. Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir.
 4. Uppbyggingu og þjónustu á hjúkrunarheimilum.
 5. Endurhæfingar- og meðferðarstofnanir.
 6. Lyf og lækningatæki.
 7. Starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu og löggildingu starfsheita í heilbrigðisgreinum.
- C. Húsnæði, þar á meðal:
 1. Íbúðalánasjóð og varasjóð húsnæðismála.
 2. Húsaleigumál, þ.m.t. stuðningsaðgerðir við uppbyggingu félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka og húsaleigubætur.
 3. Húsnæðissamvinnufélög, byggingarsamvinnufélög og fjöleignarhús.
- D. Vinnumarkað, þar á meðal:
 1. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, s.s. orlof, starfsmenntun í atvinnulífinu og samskipti við aðila vinnumarkaðarins.
 2. Félagsdóm.
 3. Sáttastörf í vinnudeilum.
 4. Aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
 5. Vinnumarkaðsaðgerðir, þ. á m. vinnumiðlun, mat á vinnufærni atvinnuleitenda og skipulag vinnumarkaðsúræða.
 6. Atvinnuleysistryggingar.
 7. Atvinnuréttindi útlendinga.

- 8. Ábyrgð á launum við gjaldþrot.
- 9. Fæðingar- og foreldraorlof.
- E. Jafnréttismál.

3. gr.

6. gr. og 9. gr. reglugerðarinnar falla brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2011.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.